

## 200 ára fæðingarafmæli Jónasar Hallgrímssonar

Þann 16. nóvember verða 200 ár liðin frá fæðingu [Jónasar Hallgrímssonar](#), þjóðskáldsins góða og eins fyrsta náttúrufræðings Íslendinga. Af því tilefni hefur nefnd á vegum [menntamálaráðuneytis](#) skipulagt ýmsa viðburði á þessu ári til heiðurs skáldinu og fræðimanninum en hátíðarhöldin ná hámarki á fæðingardeggi Jónasar.

### Ferðalok – um manninn, skáldið og náttúrufræðinginn Jónas Hallgrímsson


Frá og með 16. nóvember og fram í júní 2008 verður sýningin *Ferðalok – um manninn, skáldið og náttúrufræðinginn Jónas Hallgrímsson* opin í [Þjóðmenningarhúsi](#) alla daga frá kl. 11 til 17. Sýningin er að frumkvæði menntamálaráðuneytis í tilefni af 200 ára fæðingarafmæli Jónasar Hallgrímssonar. Handrit, myndir, munir og önnur sýningargögn eru frá [Handritadeild Landsbókasafns Íslands](#), [Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum](#), [Þjóðminjasafni Íslands](#), [Náttúrufræðistofnun Íslands](#), [Þjóðskjalasafni Íslands](#), [Ljósmyndasafni Reykjavíkur](#), [Listasafni Íslands](#), Gunnari Geir Vigfússyni og [Jóhannesi Long](#), [Geologisk Museum](#), [Botanisk Museum](#), [Zoologisk Museum](#), [Det Kongelige Bibliotek](#) og [Københavns Bymuseum](#) í Kaupmannahöfn lögðu einnig til myndir og muni.

### Blysför í tilefni af 200 ára fæðingarafmæli Jónasar Hallgrímssonar

Föstudaginn 16. nóvember efna [Háskóli Íslands](#), [Rithöfundasamband Íslands](#) og afmælisnefnd Jónasar Hallgrímssonar til blysfarar í tilefni þess að þá verða 200 ár liðin frá fæðingu Jónasar. Gangan hefst stundvíslega kl. 18 og gengið verður frá aðalbyggingu Háskóla Íslands í Hljómskálagarði þar sem blysförinni lýkur við stytta Einaris Jónssonar af þjóðskáldinu en hún var afhjúpuð 16. nóvember 1907 á aldarafmæli skáldsins. Pétur Gunnarsson, formaður Rithöfundasambandsins, flytur þar ávarp í minningu skáldsins.

### Hátíðarsamkoma í Þjóðleikhúsinu

Að kvöldi föstudagsins 16. nóvember verður haldin hátíðarsamkoma í [Þjóðleikhúsinu](#) undir heitinu „Þar sem háir hólar“. Í dagskrá hátíðarsamkomunnar verða flutt verk Jónasar í bundnu máli og lausu og tónlist tengd kvæðum hans og minning hans heiðruð með ýmsum hætti.



[Menntamálaráðherra](#) Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir flytur ávarp og afhendir Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar 2007 og sérstakar viðurkenningar fyrir störf í þágu íslenskrar tungu. Dagskráin verður sýnd beint í [Ríkissjónvarpinu](#) og hefst útsending kl. 19:30.

Upplýsingar um viðburði dagsins er að finna á [vef dags íslenskrar tungu](#).

### Heilsuefning og forvarnir í framhaldsskólum

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir [menntamálaráðherra](#) og Guðlaugur Þór Þórðarson [heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra](#) undirrituðu þriðjudaginn 13. nóvember [samning](#) við [Lýðheilsustöð](#) og samtök framhaldsskólanema sem felur í sér stóruakna áherslu á forvarnir og heilsuefningu í framhaldsskólum landsins.

Verkefnið er til þriggja ára og markmið samnings eru að:

- stuðla að bættri almennri líðan og heilsu nemenda
- efla forvarnir gegn vímuefnum í framhaldsskólum
- bæta og efla ráðgjöf við nemendur á sem flestum sviðum sem snerta velferð þeirra
- hvetja nemendur til að taka ábyrgð á eigin heilsu og stuðla að heilbrigðum lífsháttum.

[Menntamálaráðuneyti](#) leggur til starfsmann í þrjú ár til að vinna að verkefninu en hlutverk hans verður að efla starf forvarnarfulltrúa og náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum. Viðkomandi mun einnig beita sér fyrir samráði við skólameistara framhaldsskóla um forvarnaraðgerðir.

Í [ávarpi](#) sínu lagði menntamálaráðherra áherslu á að menntamálaráðuneyti gerði allt sem í þess valdi stæði til að halda uppi vörnum gegn fíkniefnavá í framhaldsskólum og mikilvægi þess að virkja skólástjórnendur, nemendur, kennara, foreldra og aðra sem að

framhaldsskólanum koma til að stilla saman strengi sína.

Af hálfu [heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis](#) verður lögð áhersla á að efla tengsl milli heilsugæslu og allra framhaldsskóla. Lýðheilsustöð mun leggja til tvo starfsmenn (annan í 50% starfi) í þrjú ár til að vinna að verkefninu. Hlutverk starfsmanna Lýðheilsustöðvar verður að halda námskeið fyrir nemendur, forvarnarfulltrúa í framhaldsskólum og aðra sem að heilsuefningu og forvörnum koma og leiða vinnu faghóps samstarfsaðila.

Nemendafélög framhaldsskólanna munu samkvæmt samningnum standa fyrir kynningum meðal framhaldsskólanema og vinna verkefni um heilsuefningu og forvarnir.

Menntamálaráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og Lýðheilsustöð munu árlega leggja til fjármagn til aðgerða sem tengjast markmiðum verkefnisins.

### Friðun þriggja húsa við Hafnarstræti á Akureyri

[Menntamálaráðherra](#) ákvað að fenginni tillögu [Húsafriðunarnefndar](#) að friða þrjú hús á [Akureyri](#). Húsin sem hér um ræðir eru Hafnarstræti 94, Hafnarstræti 96 og Hafnarstræti 98 og nær friðunin til ytra borðs húsanna. Samkvæmt [húsafriðunarlögunum](#) getur ráðherra friðað samstæður húsa sem hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi eins og gert er nú. Húsin eru öll talin hafa mikið gildi

fyrir umhverfi sitt, ýmist sem hornhús eða áberandi kennileiti í miðbæ Akureyrar.

### Ungt fólk 2007 - grunnskólanemar

[Menntamálaráðuneyti](#) hefur staðið fyrir æskulýðsrannsóknnum frá árinu 1992 undir heitinu *Ungt fólk*. Frá 1997 hefur [Rannsóknir og greining](#) verið samstarfsaðili og unnið að rannsóknunum. Árið 2006 kom [Háskólinn í Reykjavík](#) einnig að þessum rannsóknum.

Niðurstöður úr rannsókninni [Ungt fólk 2007 - grunnskólanemar](#), sem var kynnt 14. nóvember, snerta líðan, menntun, menningu, tómstundir, íþróttaiðkun og framtíðarsýn íslenskra barna. Rannsóknin var lögð fyrir nemendur í 5., 6. og 7. bekk allra grunnskóla landsins í lok febrúar 2007. Svarhlutfall var um 82%.

Á meðal helstu niðurstaðna þessarar rannsóknar má nefna eftirtalin atriði:

- flest börn eru dugleg að hreyfa sig og gera það reglulega. Þó eru milli 10% og 20% barna sem hreyfa sig lítið sem ekki neitt
- flest börn taka þátt í skipulögðu tómstundastarfi af einhverju tagi
- flestum börnum á þessu aldursbili líður alla jafna vel, eru vel studd af foreldrum sínum, eiga góða vini og hafa jákvæða hluti fyrir stafni.

Hægt er að nálgast skýrsluna á [vef menntamálaráðuneytis](#).

